

LÖG ÍPRÓTTAFÉLAGSINS ASPAR

1. **Grein.**

Félagið heitir Íþróttafélagið Ösp, kennitala 531184-1069. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. **Grein.**

Tilgangur og markmið félagsins er að efla hreyfingu og íþróttaiðkun fyrir fólk með sérþarfir sem og aðra félagsmenn.

3. **Grein.**

Félagsmenn geta verið öll þau sem þess óska og hafa greitt félagsgjöld. Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til skrifstofu félagsins, sem jafnframt sér um innheimtu félagsgjalda.

4. **Grein**

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en 31. maí ár hvert og til hans skal boða með auglýsingu á samfélagsmiðlum og heimasíðu Aspar með a.m.k viku fyrirvara. Auglýsa skal eftir framboðum til stjórnar með þriggja vikna fyrirvara með auglýsingu á samfélagsmiðlum og heimasíðu Aspar og skulu framboð berast stjórn, skriflega eða í tölvupósti, a.m.k. viku fyrir aðalfund.

Í aðalfundarboði skal kynna dagskrá, fundartíma og fundarstað. Þá skal geta sérstaklega í fundarboði hvenær frestur til að skila inn tillögum að lagabreytingum og framboði til stjórnarsetu rennur út.

Málefni sem félagsmenn óska eftir að tekin verði fyrir á aðalfundi skulu berast stjórn Aspar minnst tveimur vikum fyrir aðalfund. Mál sem berast eftir að sá frestur er liðinn verða ekki tekin fyrir nema 2/3 fundarmanna samþykki það.

Einungis stjórn, varamenn stjórnar, félagsmenn, 18 ára og eldri og heiðursfélagar félagsins hafa rétt til setu og atkvæðisrétt á aðalfundi. Stjórn félagsins getur boðið gestum, án atkvæðisréttar, til setu á aðalfundi.

Á aðalfundi fer hver félagsmaður með eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti úrslitum almennra mála.

Við breytingar á lögum félagsins þarf samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna.

Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera

- a. Fundarsetning
- b. Kosning fundarstjóra, fundarritara og annara starfsmanna fundarins
- c. Lögð fram ársskýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár og umræða um hana
- d. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar, umræða og atkvæðagreiðsla
- e. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs lögð fram
- f. Lagabreytingar (ef fyrir liggja) kynntar og um þær kosið
- g. Kosning stjórnar samkvæmt 5.gr þessara laga
- h. Önnur mál
- i. Fundarslit

5. Grein

Stjórn félagsins skipa 5 einstaklingar. formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og einn meðstjórnandi, auk þess tveir einstaklingar til vara. Stjórnarkjör skal fara fram með þeim hætti að á sléttu ártali skal kjósa formann og gjaldkera til tveggja ára. Á odda ári skal kjósa varaformann, ritara og meðstjórnanda til tveggja ára. Varamenn stjórnar skulu kosnir árlega. Þá skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga og einn varaskoðunarmann reikninga hvert ár.

Kjósa skal leynilegri bindandi kosningu, ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal.

6. Grein

Meðstjórnandi er fyrsti varamaður annarra stjórnarmanna. Varaformaður skal sinna störfum formanns í fjarveru hans. Í forföllum aðalmanna taka varastjórnarmenn sæti stjórnarmanna.

7. Grein

Stjórn félagsins getur boðað til auka aðalfundar er brýna nauðsyn krefur eða ef 60% félagsmanna bera fram skriflega ósk um það. Til slíks fundar skal boða á sama hátt og til reglulegs aðalfundar.

Rétt til fundarsetu hafa þeir sömu og tilgreint er í 4.gr þessara laga.

Ekki má kjósa stjórn (nema bráðabirgðastjórn) né breyta lögum á auka aðalfundi.

Dagskrá auka aðalfundar skal vera:

- a. Fundarsetning
- b. Kosnir fundarstjóri og fundarritari
- c. Tekin til meðferðar þau mál sem gáfu tilefni til boðun fundar og tilkynnt voru í fundarboði
- d. Fundarslit.

8. Grein

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Hún ber ábyrgð á eignum og starfsemi þess og kemur fram fyrir hönd félagsins.

Stjórnin getur skipað nefndir til að vinna að einstökum málum eftir því sem hún telur þörf á og setur þeim starfsreglur.

Stjórninni er heimilt að ráða til sín launað starfsfólk.

Stjórn félagsins er heimilt að setja reglugerðir yfir starfsemi félagsins. Öðlast þær reglugerðir strax gildi eftir að þær hafa verið samþykktar á stjórnarfundum með meirihluta atkvæða stjórnar.

9. Grein

Árgjald félagsmanna skal ákveðið á aðalfundi. Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið.

10. Grein

Félagið má vera aðili að hlutaðeigandi héraðssambandi, sérsamböndum ef við á og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og er skuldbundið af lögum og samþykktum þessara aðila.

11. Grein

Tillögu um að leggja félagið niður verður að leggja fyrir á lögsmætum aðalfundi og skal tillagan send félagsmönnum með fundarboðinu. Til þess að slík tillaga nái fram að ganga þarf helmingur félagsmanna að sitja fundinn og 2/3 þeirra að samþykkja tillöguna. Komi ekki svo margir til fundarins, skal boða til nýs fundar með tveggja vikna fyrirvara og skal hann haldinn innan fjögurra vikna og er sá fundur ályktunarhæfur án tillits til fjölda fundarmanna.

Ef samþykkt er að leggja félagið niður skal eignum þess ráðstafað til Íþróttasambands fatlaðra.

12. Grein

Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi félagsins og þá með samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna.

13. Grein

Lög þessi og síðari breytingar á þeim öðlast gildi þegar framkvæmdastjórnir ÍBR og ÍSÍ hafa staðfest þau sbr. lög ÍBR og ÍSÍ.